

Fundur nr. 2 Fundur foreldraráðs 31. okt 2017

Fundurinn var haldinn á skrifstofu rektors MH og hófst kl. 18.00.

Mættir; Halla Sigrún Arnardóttir, Arna Sigurðardóttir, Guðlaug Matthildur Jakobsdóttir, Helga Viðarsdóttir og Fríður Reynisdóttir, forvarnarfulltrúi MH, Lárus H. Bjarnason rektor MH og Steinn Jóhannesson konrektor MH.

Um klukkan 18.30 komu svo fulltrúa nemendaráðs MH inn á fundinn og rektor og konrektor fóru út af fundinum. Fulltrúar nemendaráðs eru; Enar Kornelius Leferink, Hekla Hjaltadóttir, Nökkvi Nils, Hróbjartur Höskuldsson og Sindri Már Fannarsson.

Helga Viðarsdóttir ritar fundinn.

Dagskrá fundarins;

1. Kynnast stjórnendum MH
2. Kynnast fulltrúum nemendaráðs MH

Fundurinn var í heild sinni umræða um hlutverk ráðsins og hvernig best væri að skapa samvinnu milli skólans annars vegar og nemendaráðs hins vegar.

Lárus ræddi almennt um starfsemi skólans. Helst var að halda þyrfti kynningarkvöld fyrir foreldra fyrr á önninni og kom með tillögu um að foreldraráð MH myndi aðstoða við að kanna hug foreldra á starfsemi skólans. Einnig sagði hann frá því að nú væru komnar myndavélar við innganga skólans og væri það til þess að koma í veg fyrir þjófnað sem er að færast í aukana. Lárus greindi einnig frá niðurstöðum nýnemakönnunar sem lögð er árlega fyrir nemendur. Í ljós kom m.a. að upplifun nemenda á stuðningi frá foreldrum hefur minnkað milli ára. Foreldraráð mun kynna sér þessar niðurstöður betur og miðla þeim til foreldra.

Nemendaráðið sagði frá hvað ber hæst í þeirra starfsemi yfir veturinn sem eru böllin og vildu þau leggja áherslu á að foreldraráðið setti á valfrjálsar greiðslur til þess að hægt væri að hafa veglegan "edrúpott". Hafði nemendaráðið skrifað bréf til formanns foreldrafélagsins þess efnis.

Tvö böll hafa verið haldin á þessari önn og bæði gengið mjög vel.

Helga boðar næsta fund.

Fundi slitið 19.00